

105 **Brief landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lántöku handa Ólafsvallapresta-**
 30. júní **kalli til húsbyggingar.** — Samkvæmt tillögum hinna heidruðu stiptsyfirvalda í þóknunlegu bræfi, dagsettu 17. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að presturinn á Ólafsvöllum í Árneshöfðingjadal, síra Bryjólfur Jónsson, taki 800 króna embættislán úr landsjóði handa prestakallinu, til þess að koma upp á prestsetrinu einloptuðu íbúðarhúsi úr timbri, er sje eigi minna að flatarmáli en 15×9 álnir, undir bárujárnþaki á borðsúð og varið með bárujárnri að minnsta kosti móti regnátum, og að öðru leyti með því fyrirkomulagi og herbergjaskipan, sem prófasturinn í Árneshöfðingjadal álitur haganlegasta. Einnfremur er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið, að síðari helmingur lánsins ekki verði útborgaður fyrri en sannað er með reglulegri skoðunargjörð þar til útnefndra manna að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum samfleytt með $\frac{1}{20}$ hluta lánsins á ári auk vaxta, að sannað verði á fullnægjandi hátt að húsið sje traust og vel vandað, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins; enda mega þá niður falla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, göng og bæjardyr, að presturinn haldi húsinu váttryggu fyrir 1000 kr. að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamleða til vitundar gefið til þóknunlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

106 **Brief ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fjárráð giptra kvenna.** —
 6. júlí Með þóknunlegu bræfi, dagsettu 30. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem alþingi 1895 hefir samþykkt, um að undirbúa og leggja fyrir næsta þing lagafrumvarp, er tryggi betur en lög gjöra nú rjett giptra kvenna gegn ráðdeildarleysi eða fjársóun eiginmanna þeirra á fjelagsbúinu. Svo hafið þjer og sent hingað uppkast til laga, er þjer hafið samið í þessu augnamiði um fjárlag hjóna, og í öllu verulegu er samhljóða norskum lögum frá 29. júní 1888.

Ráðaneytið hefir þvinæst tekið til ihugunar samning lagafrumvarps um þetta efni, og einnig leitað álits eins meðal hinna fremstu lögfræðinga vorra. Að það samt eigi að svo stöddu hefir þótt ástæða til að koma því í kring, er með þarf til að geta lagt fyrir þingið frumvarp til laga þeirra, er óskað er eptir, kemur af því, að það hefir verið um það hugsað og nú eru svo miklar líkur til þess, að fyrir konungsríkið verði slíkt lagasmíði undirbúið af þeim mönnum, er til þess eru færastir, og því væntanlega komið á framfæri, að ráðaneytinu hefir þótt heppilegast að því er til Íslands kemur að biða eptir árangrinum af þessu lagasmíði, er og mætti að gagni koma fyrirhugaðri íslenskri lög-gjöf; enda virðist eigi rjett að hafna þeim stuðningi, sem af dönskum lögum í